

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Svanfríðar Guðrúnar 8 Kristóbertsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. 26. jan. janúar 1956.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Svanfríðar Guðrúnar Kristóbertsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 30. ágúst 1948 til minningar um Svanfríði Guðrúnu Kristóbertsdóttur, sem fæddist í Súðavík 30. ágúst 1919 og andaðist 1. nóvember 1945, af foreldrum hennar, Jónínu Magnúsdóttur og Kristóbert Kristóbertssyni, Súðavík. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Svanfríðar Guðrúnar Kristóbertsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000.00 — tíu þúsund — krónur. Tekjur sjóðsins eru, auk vaxta af höfuðstól, gjafir og áheiti, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnalitla en ástundunarsama nemendur í héraðsskólanum á Núpi í Dýrafirði. Nemendur, sem eiga heima í Súðavíkurbreppi, skulu öðrum fremur ganga fyrir um styrkveitingu.

4. gr.

Úthluta skal árlega hálfum vöxtum sjóðsins, en helmingur vaxtanna leggist við höfuðstólinn, unz sjóðurinn er orðinn 25000 krónur, þá má úthluta tveimur þriðju hlutum vaxtanna, en einn þriðji hluti vaxtanna leggist við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 50000 krónur, þá skal úthluta $2\frac{1}{2}$ hlutum vaxtanna. Því hærri upphæð sem úthlutað er, skulu allajafna fleiri verða styrks aðnjótandi.

Úthlutun skal fara fram að loknu vorprófi ár hvert.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: formaður skólanevndar héraðsskólans á Núpi í Dýrafirði, skólastjórinn og kennari í handavinnu stúlkna við skólann, og hefur stjórnin á hendi reikningshald og styrkveitingar úr sjóðnum.

6. gr.

Fjármunir sjóðsins skulu ávaxtaðir í Landsbanka Íslands, og skulu reikningar hans endurskoðaðir árlega á sama hátt og reikningar héraðsskólans á Núpi og af sömu endurskoðendum.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Súðavík, 30. ágúst 1948.

Jónína Magnúsdóttir. Kristóbert Kristóbertsson.